

Minnisblað um þingsályktun um samgönguáætlun 2015-2018.

2. júní 2015

Til umhverfis og samgöngunefndar Alþingis

Frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga

Samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga fjallaði um þingsályktun um samgönguáætlun 2015-2018 á fundi nefndarinnar þann 1. júní 2015. Nefndin telur mikilvægt að nú sé loks komin fram samgönguáætlun sem taki á brýnustu verkefnum sem vestfirsk samfélög og atvinnulíf hafa beðið eftir um langt árabil. Þetta eru framkvæmdir sem hér segir; **Vestfjarðavegur 60 um Gufudalssveit, Dýrafjarðargöng, Dynjandisheiði og Strandavegur norður í Árneshrepp.** Einnig er mikilvægt að aukið fjármagn er nú sett til viðhalds vegakerfisins og til vetrarþjónustu og að aukið fé er til viðhalds á áætlunarflogvöllum.

Nefndin styður því samþykkt samgönguáætlunar. Jafnframt bendir nefndin á að fjármagn til samgöngumála hafi verið skorið það harkalega niður frá hrúni, að sú aukning sem gerð er að tillögu í samgönguáætlun, er ekki nægjanleg til þess að mæta þörfum atvinnulífs og samfélaga á Vestfjörðum. Hvetja verður Alþingi nú við afgreiðslu samgönguáætlunar að auka fjármagn til verkefna innan áætlunarinnar, til þess að þau verði langt kominn við lok áætlunartímabils (sjá kort sem fylgir minnisblaðinu).

- Fagna ber úrsskurði Skipulagsstofnunar um að heimila umhverfismat á leið Þ-H í Gufudalssveit. Sú ákvörðun mun kalla á auknar rannsóknir á umhverfi og lífríki svæðisins og því verður að tryggja að þær rannsóknir verði fjármagnaðar þannig ekki verði um frekari tafir á þessu mikilvæga verkefni.
- Flyta útboði og framkvæmd Dýrafjarðarganga þannig hefja megi framkvæmdir haustið 2016. Dýrafjarðargöng eru meginforsenda fyrir eflingu fiskeldis á Vestfjörðum t.d. uppbyggingu miðlægrar þjónustu og fyrir ferðaþjónustu á Vestfjörðum með bættu aðgengi að Dynjanda.
- Flyta framkvæmdum á Veiðileysuhálsi á Strandavegi. Endurbygging vegar um Veiðileysuháls mun gera mögulegt að hækka snjómokstursstig og lengja þannig verulega nýtingu Strandavegar árið um kring, fyrir samfélag og atvinnulíf í Árneshreppi
- Auka fjármagn til rannsókna er varða nýja jarðgangakosti s.s. Álftafjarðargöng og hefja undirbúning að könnun á öðrum jarðgangakostum á Vestfjörðum til frekari eflingar samfélagi og atvinnulífi á svæðinu.

VESTFIRÐIR

Unnið af Teiknistofunni Eik ehf.
Grunngögn: Loftmyndir ehf.



Skýringar

- vegur - bundið slitlag
- - - vegur - malarslitlag
- brú - tvíbreið
- brú - einbreið
- undirgöng
- flugvöllur - áætlunarflug
- flugvöllur - landingarstaður
- - - ljósleiðari
- fyrirhuguð vegagerð

